

# Skólanefnd

22. nóvember 2023

Mætt: ESR, JJ, Daníel Scheving, Ingvar Viktorsson, Snædís Ögn Flosadóttir, Árni Freyr Guðnason, Árni Sverrir Bjarnason og Perla Eyfjörð.

Fundarritari Júlía Jørgensen

## Dagskrá fundar:

Sameiningarmál í framhaldsskólakerfinu rædd. Erla segir frá samtölum sínum við skólameistara og ráðuneyti. Hugmyndir hafa verið rædd um samstarf um einstaka þætti skólastarfs á milli framhaldsskóla, t.d. með kerfisstjóra.

Það helsta úr skólastarfinu.

Perla segir frá félagslífinu í skólanum og því sem framundan er í tengslum við Morfís, Gettu betur. Þar eru flottir þjálfarar sem nemendur eru ánægðir með og stefnt er að því að komast í sjónvarpið með Gettu betur liðið. Einnig talað um þemavikur á vorönn, leiklistina og sýningu sem stendur til að setja upp með vorinu í Bæjarbíói. Erla segir frá Jóni Svavari og sönghópi hans.

Edu Tech Amsterdam.

Erla segir frá því sem stjórnendur hlýddu á á ráðstefnu í Amsterdam og þá sérstaklega um gervigreindina. Sagt frá vinnu fagstjóra og kennarafundar um þessi mál. Rafrænir kennsluhættir eru einnig ræddir og hvernig skólinn mátar sig inn í kvarðann.

Jafnréttismál.

Erla segir frá því að verið sé að leggja lokahönd á nýja jafnréttisáætlun sem verði tilbúin á nýju ári. Talað stuttlega um bætingar þar.

Jafnlaunavottun.

Sagt frá því að skólinn hafi hlotið staðfestingu í jafnlaunaúttekt enn og aftur. Niðurstöður eru góðar, konur eru um 2% hærrí í bæði grunn- og heildarlaunum að þessu sinni. Sagt frá tækifærum sem sýna sig í jafnlaunavinnu og líka auglýsingum skólans og hvernig reynt sé að höfða til allra kynja. Spurning frá fundarmanni um hvað sé þörun í nýráðningum. Erla svarar því að það snúist um að bera saman laun nýráðinna starfsmanna.

Atburðir í Grindavík.

Erla segir frá því að ráðuneyti hafi óskað eftir upplýsingum um hvernig skólar hafi brugðist við nemendum frá Grindavík í ljósi stöðu þeirra. Erla upplýsir að hér séu tveir nemendur úr Grindavík, báðir í góðri stöðu og hafi fengið boð um allan stuðning sem þau þurfa.

Stofnun ársins.

Erla segir frá vinnu sem hefur farið fram innan skólans eftir að niðurstöður könnunar um stofnun ársins lágu fyrir. Rýnihópar hafa verið að störfum og stjórnendur hafa unnið með stjórn kennarafélagsins að umbótum. Áfram verður haldið með þetta ferli og byrjað að huga að samskiptasáttmála sem gerður verður á vorönn.

Fræðslusjóður.

Rætt um úthlutun úr fræðslusjóði Jóns Þórarinssonar og ákveðið að 5. Desember verði hist og farið yfir umsóknir. Erla ætlar að taka stöðuna á sjóðnum fyrir fundinn og óska eftir fulltrúa skólanefndar á útskrift til að afhenda styrkinn.

Annarlök.

Farið yfir helstu dagsetningar nú þegar önninni er að ljúka.

Fleira ekki gert og fundi slitið.